



Verkefnakista Grænfánans

Nýttu og njóttu að vild!



Hvaðan kemur vatnið?

Aldur	4 til 12 ára
Kennslustundir	6 til 12
Markmið	Að fræða nemendur um orðin uppspretta og vatnsból og að ýta undir skilning á því hvernig vatnið verður drykkjarhæft. Eftir þessa vinnu ættu nemendur að geta útskýrt orðin uppspretta og vatnsból, kunna að nota orðin og vita hvað þau standa fyrir. Nemendur ættu einnig að hafa fengið innsýn í vatnshringrásina, geta sagt frá því hvaðan vatnið kemur og hvernig það verður drykkjarhæft.
Framkvæmd	Farið er í gönguferð/rútuferð að vatnsbóli/upsprettu. Skoðað og fræðst um hvernig vatnið verður tært og neysluhæft í hringrás sinni í náttúrunni. Athugað er hvað verður um vatnið. Dýra- og plöntulíf við vatnsbólið/upsprettuna skoðað og rætt.
Áhöld - efni	Myndavél, blöð, pennar/litir. Bækur um náttúruna t.d. Íslenskur fuglavisir eftir Jóhann Óla Hilmarsson, Dulin veröld eftir Guðmund Halldórsson og Íslenska plöntuhandbókin eftir Hörð Kristinsson.
Undirbúningur kennara	Kennari undirbýr gönguferð/rútuferð að vatnsbóli. Leiðsögn frá umsjónaraðila vatnsbólansins er nauðsynleg. Kennari aflar sér einnig upplýsinga um viðfangsefnið og finnur leiðir til að miðla þekkingu til nemendanna
Undirbúningur nemanda	Nemendur og foreldrar fá að vita af fyrirhugaðri ferð og foreldrar eru jafnvel hvattir til að koma með ef hægt er. Kennari biður nemendur að hugsa um hvernig þeir haldi að vatnið komi í kranann.
Mat kennara	
Mat nemanda	
Ítarefni	<p>Skoða hvernig er hægt að hreinsa vatn heima, í skólanum eða leikskólanum til að geta drukkið það.</p> <p>Dæmi: Sía vatn úr á eða stöðuvatni með kaffisíu og sjóða það. Láta það kólna. Bragða á vatninu. Er vatnið öðruvísi á bragðið en kranavatn?</p> <p>Aðrar nálganir: Nemendur gera líkan af á eða læk í sandkassa, útbúa stíflur, vötn ofl.</p>
Viðhengi	<ul style="list-style-type: none">Yrkja-vefur Námsgagnastofnunar: http://www.yrkja.is/ (http://www.yrkja.is/)Fræðsluvefur Orkuveitu Reykjavíkur: http://fraedsla.or.is/Vatn/ ()Heimasíða Rauða krossins, von í tæru vatni, myndband: http://www1.nams.is/unicef/ ()

""



UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

(<http://www.umhverfisiraduneyti.is/>)

Þróunarsjóður námsgagna
(<http://www.menntamalaraduneyti.is/afgreidsla/sjodir-og-eydublod/menntamal/nr/4365>)

(<http://www.umhverfisiraduneyti.is/>)